



Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 61. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn Skaftafell
Öræfum,
18. október 2018, kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Sigurlaug Gissuraradóttir, Snævarr Guðmundsson, Guðrún Inga Bjarnadóttir, Hjördís Skírnisdóttir og Helga Árnadóttir.

Fundargerð ritaði: Björn Ingi Jónsson, formaður.

1. Veitingasala Skaftafelli - 1805004

Á fundi svæðisráðs nr.59 var ákveðið að funda í Skaftafelli og meta aðstæður og stöðuna. Starfsfólk þjóðgarðsins fór yfir það fyrirkomulag sem hefur verið á veitingarekstri í Skaftafelli fram til þessa. Ljóst er að nú er mjög þröngt um alla aðstöðu starfsmanna á svæðinu.

Eftir vel ígrundaðar umræður og vettvangsskoðun er það niðurstaða svæðisráðs að þörf sé fyrir veitingarekstur á svæðinu og að sá rekstur verði boðinn út. Við gerð útboðsgagna er brýnt að tekið verði mið af umhverfisstefnu og náttúruvernd svæðisins. Mikilvægt er að tekið verði tillit til síkvikrar þróunar á umfangi og rekstri þjóðgarðsins á svæðinu. Eins er mikilvægt að í útboðsgögnum verði ekki gert ráð fyrir að starfsfólk veitingasölu hafi búsetu innan þjóðgarðs.

2. Skaftafell: 50 ára afmæli þjóðgarðs í Skaftafelli - 1808010

Framhald af máli frá fundi nr.59.

Þjóðgarðsvörður gerði grein fyrir vinnu vegna 50 ára afmælis þjóðgarðs í Skaftafelli. Ákveðið hefur verið að 24.nóvember verði haldin afmælishátíð í Skaftafelli. Starfsmenn vinna áfram að undirbúningi og boðun.

3. Skaftafell-Eftirlitsskýrsla HAUST - 1810008

Erindi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, HAUST dagsett 9. október lagt fram. Erindið gerir grein fyrir úttekt HAUST á starfssvæði Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli og úrbótum sem gera þarf á svæðinu.

Svæðisráð leggur mikla áherslu á að nú þegar verði hægt að hefjast handa við úrbætur í samræmi við athugasemdir sem fram koma í skýrslunni.

Alveg augljóst er að umtalsvert fjármagn þarf til að vinna bót á þessum athugasemdum.

Fráveitumál á svæðinu eru ekki í takt við þann fjölda ferðamanna sem heimsækir Skaftafell í dag. Stór hluti sértekna Vatnajökulsþjóðgarðs verða til í Skaftafelli, til þess að svo megi vera áfram, þarf að ráðast í stórfelldar framkvæmdir sem munu kosta hundruði milljóna.

Svæðisráð leggur til að unnin verði tímasett aðgerðaráætlun, nauðsynlegt er að hún verði unnin í samráði við HAUST.

Svæðisráð óskar eftir að stjórn taki málið upp en augljóst er að sérstakar fjárveitingar þarf

til að vinna þetta verk. Þó allt framkvæmdafé sem þjóðgarðurinn hefur samkvæmt fjárlögum hvers árs yrði sett í framkvæmdina myndi það taka mörg ár að koma málum í viðunandi horf.

4. Deiliskipulag Jökulsárlón breyting - 1709015

Framhaldsvinna frá fundi svæðisráðs nr.59.

Svæðisráð fór yfir drög að þarfagreiningu sem unnin hefur verið af starfsmönnum þjóðgarðsins. Unnið verður áfram með þessi gögn til að fá fram tvær til þrjár sviðsmyndir af deiliskipulagi á svæðinu. Svæðisráð leggur áherslu á að í öllum hugmyndum verði verndun eldri farvega Jökulsár í fyrirrúmi, hvaða atvinnurekstur á að vera á svæðinu og horft til þess að í dag eru um ein milljón ferðamanna að sækja svæðið heim. Horfa skal til þess að halda framkvæmdum eins og hægt er á þeim svæðum sem nú þegar er búið að raska. Þjóðgarðsvörður og formaður svæðisráðs vinna að málinu fram að næsta fundi svæðisráðs.

5. Suðursvæði: samráðsfundur, afþreyingarferðaþjónusta - 1809005

Samráðsfundur haldinn að Smyrlabjörgum 4. október. Efni fundar var að ræða framtíð og fyrirkomulag afþreyingarferðaþjónustu innan suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs í ljósi síbreytilegrar náttúru og ytri aðstæðna.

Svæðisráð er einhuga um að fundurinn á Smyrlabjörgum 4.október hafi tekist vel. Farið var yfir fyrsu samantekt á gögnum fundar og ætlað er að fullunnin greinagerð verði lögð fyrir svæðisráð á næsta fundi.

6. Íshellaferðir veturinn 2018 til 2019 - 1810001

Fyrirkomulag vegna íshellaferða veturinn 2018 til 2019.

Þjóðgarðsvörður upplýsti svæðisráð um fyrirhugaðan fund með rekstaráðilum í íshellaferðum í lok október.

7. Rekstraráætlun 2019 - 1809004

Framhaldsvinna vegna rekstraráætlunar ársins 2019 lögð fram og farið yfir áætlunargerð þjóðgarðsvarðar vegna suðursvæðis þjóðgarðsins.

Þjóðgarðsvörður kynnti vinnu við rekstraráætlun fyrir 2019. Talsverð óvissa er í áætlunargerð vegna aðkeyptar sérfræðiþjónustu og vegna viðhalds og uppbyggingar á svæðinu. Því til áréttingar má nefna úttekt HAUST á Skaftafelli. Svæðisráð telur að um mjög hógværa áætlun sé að ræða og leggur þunga áherslu á að nægilegt fjármagn verði tryggt til að hægt sé að vinna í samræmi við þarfir svæðisins og stórauðna aðsókn gesta að svæðinu.

8. Umsókn um leyfi til siglinga á Heinabergslóni og Jökulsárlóni - 1810003

Erindi Iceguide dagsett 2. október. Ósk um áframhaldandi leyfi til siglinga kayaka á Heinabergslóni og Jökulsárlóni.

Svæðisráð mælir með að IceGuide verði veitt leyfi til kajaksiglinga á Heinabergslóni og Jökulsárlóni sumarið 2019. Svæðisráð mælir með veitingu leyfisins en þar sem stjórnunar- og verndaráætlun, atvinnustefna og skipulag fyrir Jökulsárlón er ekki til staðar er ekki hægt að gefa leyfi til lengri tíma að svo stöddu.

9. Jökulsárlón: Umsókn um rekstur matarvagns - 1809025

Erindi eigenda Local Langoustine ehf dagsett 17. september. Ósk um áframhaldandi leyfir til staðsetningar veitingavagns á bílastæði við Jökulsárlón.

Svæðisráð mælir með að leyfi verði veitt fyrir matarvagni Local Langoustine ehf við Jökulsárlón út árið 2019. Þar sem stjórnunar- og verndaráætlun, atvinnustefna og skipulag fyrir Jökulsárlón er ekki til staðar getur svæðisráð ekki mælt með að gefa leyfi til lengri tíma að svo stöddu.

10. Jökulsárlón: Umsókn um rekstur matarvagns - 1809024

Erindi Karls Jóhanns Guðmundssonar dagsett 17. september. Ósk um áframhaldandi leyfi

til staðsetningar veitingavagns á bílastæði við Jökulsárlón.

Svæðisráð mælir með að leyfi verði veitt fyrir matarvagni Karls við Jökulsárlón út árið 2019. Þar sem stjórnunar- og verndaráætlun, atvinnustefna og skipulag fyrir Jökulsárlón er ekki til staðar getur svæðisráð ekki mælt með að gefa leyfi til lengri tíma að svo stöddu.

11. Jökulsárlón: Stöðuleyfi fyrir móttökubíl á bílastæði - 1808001

Erindi Local Guide of Vatnajökull ehf ódagsett, móttekið 8. ágúst. Ósk um að staðsetja búnaðarbíl á bílastæði við Jökulsárlón.

Í ljósi fyrirhugaðs samráðsfundar með rekstaraðilum í íshellaferðum sem halda á í lok október um aðstöðu við Jökulsárlón er málinu vísað í það ferli.

12. Umsókn um leyfi til tjöldunar - 1810007

Erindi Iceguide ehf ódagsett, móttekið 11. október. Ósk um heimild til að tjalda einu leiðangurstjaldi í sænskum stíl á malaraurum við Austastaháls í nálægð við Fláajökul.

Svæðisráð telur hugmynd Iceguide um að setja upp tjald við vestanverðan Fláajökul í tengslum við nýja tegund afþreyingarferðamennsku áhugaverða. Svæðisráð mælir með veitingu leyfisins veturinn 2018-2019 en þar sem atvinnustefna er ekki til staðar er ekki hægt að gefa leyfi til lengri tíma að svo stöddu. Nánari útfærsla og fyrirkomulag verði gerð í samráði við þjóðgarðsvörð.

13. Skaftafell-Umsókn um starfsleyfi - 1810006

Erindi Trölliferða ehf ódagsett, móttekin 17. október. Umsókn um áframhaldandi leyfi til starfsemi og aðstöðu innan Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli.

Málið kynnt í svæðisráði. Þjóðgarðsverði falið að afla nánari gagna.

Fundi slitið kl. 17:00.

Björn Ingi Jónsson

Hugrún Harpa Reynisdóttir

Sigurlaug Gissurardóttir

Snævarr Guðmundsson

Guðrún Inga Bjarnadóttir

Hjördís Skírnisdóttir
